

Samfélagsskýrsla 2021



SJÓVÁ

Yfirlit

Ávarp forstjóra	3
Hver erum við?	4
Sjónvág og samfélagið 1999–2020	6
Árangur og sigrar 2021	7
Við getum öll haft áhrif til góðs	8
Heimsmarkmiðin okkar	10
Umhverfið	11
Samfélagið	21
Fyrirtækið	41
Markmið 2022	49
Töflur og ítarefni	54



Ávarp forstjóra



Sjóvá hefur lengi lagt sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærni og vernd umhverfisins, auk þess sem við höfum lengi unnið að margvíslegum samfélagslegum verkefnum. Þetta er hins vegar í fyrsta skipti sem við gefum út sérstaka skýrslu um sjálfbærni og samfélagsábyrgð. Það er okkur því mikil ánægja að gefa út þessa fyrstu samfélagsskýrslu þar sem sjálfbærni og samfélagsábyrgð eru í forgrunni.

Þær áskoranir sem fylgdu heimsfaraldri hafa varpað nýju ljósi á samfélagið og vakið okkur enn betur til meðvitundar um að horfa á hlutina í víðara samhengi. Mikilvægi þess að fyrirtæki séu samfélagslega ábyrg og gefi sjálfbærni vægi og þunga í rekstrinum hefur aldrei verið meira. Við höfum í heimsfaraldrinum öll þurft að aðlagast hratt að nýjum veruleika og finna lausnir til að takast á við óvenjulegar aðstæður. Í gegnum þessar breytingar höfum við hjá Sjóvá, sem fyrr, borið velferð og öryggi starfsfólks okkar fyrir brjósti á meðan við höfum unnið statt og stöðugt að því að tryggja viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu. Faraldurinn hefur jafnframt með ótvíræðum hætti sýnt að samfélaginu okkar eru allir vegir færir þegar við leggjumst á eitt, hugsum vel hvert um annað og sýnum samfélagslega ábyrgð í verki.

Hlutverk Sjóvá er að tryggja verðmætin í lífi fólks og áherslur okkar á sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð taka mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Tækifæri Sjóvá til að bæta líf viðskiptavina liggja ekki einungis í góðum tryggingum, heldur einnig í öðrum þáttum sem hafa bein og óbein áhrif á líf þeirra. Við lítum í þessu samhengi til áhrifa eigin reksturs á umhverfi og samfélag auk þess sem við hvetjum viðskiptavinum okkar til dáða með forvörnum og umhverfisvænni umsýslu tjóna. Þarna liggja hvað stærstu tækifærin til að koma í veg fyrir og minnka umhverfisáhrif af rekstrinum.

Við erum með þessari skýrslu að hefja mikilvæga vegferð í sögu félagsins með enn meiri áherslu á sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð. Ég hlakka til að halda áfram að styrkja samfélagsstefnu Sjóvá og auka sjálfbærni með starfsfólki okkar, viðskiptavinum og samstarfsaðilum.

Hver erum við?

Sjóvá er alhliða tryggingarfélag með starfsemi á Íslandi á sviði skaða- og líftrygginga. Við erum þjónustufyrirtæki í fremstu röð með fjölbreytta starfsemi og yfirgripsmikla þjónustu.

Í árslok 2021 störfuðu **192 starfsmenn** hjá Sjóvá í **185 stöðugildum**.

Við erum til staðar í öllum landshlutum með **11 útibú** og **9 þjónustuskrifstofur**, auk höfuðstöðvanna í Reykjavík.



1918

Sjóvátryggingarfélag Íslands hf. stofnað.



1943

Almennar tryggingar hf. stofnað.



1989

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. verða til við samruna Sjóvátryggingarfélagsins og Almennra trygginga hf.



2009


Nýtt félag er stofnað sem tekur yfir vátryggingareksturinn.

Viðskiptavinir treysta okkur fyrir fjárhagslegu öryggi sínu og við leggjum okkur fram við að sinna því hlutverki af sanngirni og umhyggju.


- Á árinu voru um 8.300 fyrirtæki og um 79.800 einstaklingar tryggð hjá Sjóvá og um 40.000 fjölskyldur í Stofni.
- Hjá Sjóvá lífi eru í gildi 87.000 skírteini í líf- og sjúkdómatryggingum.
- Á árinu voru 32.000 tjón tilkynnt til Sjóvá, eða tæplega 90 tjón á dag.
- Við greiddum fyrir viðgerðir á 12.000 bílum.
- Við hjálpuðum yfir 800 hundum og 100 kisum að fara til læknis.

Vegvísarnir okkar

Verum á undan



Höfum það einfalt




Segjum það eins og það er













Verum til staðar



Sjóvá og samfélagið 1999–2020



Árangur og sigrar 2021

<p>Styrktum Landsbjörg um</p> <p>142,5 m. kr.</p> <p>til kaupa á nýjum björgunarskipum.</p>	<p>SafeTravel þróað áfram og app kynnt.</p> 	<p>Betri kaskótryggingar, ekki síst fyrir rafbíla.</p> 	<p>Öll losun kolefnisjöfnuð í gegnum Kolvið.</p> 	<p>Viðurkenning Jafnvægisvogar FKA.</p> 
<p>Efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvuginni 5. árið í röð.</p> 	<p>Komum í veg fyrir losun</p> <p>15 tonna</p> <p>af koltvísyringsígildum með auknu átaki í framrúðuviðgerðum.</p>	<p>Starfsánægja</p> <p>4,75</p> <p>af 5 samkvæmt mælingum Gallup.</p>	<p>Samningur við Slysavarnafélagið Landsbjörg endurnýjaður.</p> 	<p>Við hlutum</p> <p>75 stig af 100</p> <p>í áhættumati Reitunar á sviði sjálfbærni.</p>
<p>Fyrirtæki ársins hjá VR 4. árið í röð.</p> 	<p>Sjóvá Spjallið hóf göngu sína.</p> 	<p>Minni pappír vegna átaks í vefskráningu tjóna.</p> 	<p>Drógum úr akstri um</p> <p>18.000 km</p> <p>með rafrænu fjarskoðunarlausninni Innsýn.</p>	<p>Átak með fyrirtækjum um eigið eldvarnareftirlit.</p> 

Við getum öll haft áhrif til góðs

Sjálfbærni er málaflokkur sem varðar tryggingafélög að miklu leyti. Loftslagsbreytingar og náttúruhamfarir af þeirra völdum hafa til að mynda bein áhrif á starfsemina. Þess vegna framkvæmum við hjá Sjóvá mat á loftslagsáhættu og skoðum afleiðingar breytinga á veðurfari og áhættur vegna gróðurelda, skriðufalla og flóða.



Hlutverk okkar er að tryggja verðmætin í lífi fólks og ramminn utan um þau er ávallt samfélagið í heild sinni. Þess vegna er það okkur hjartans mál að starfa í fullri sátt við samfélag og umhverfi og leggja okkar af mörkum til að auka sjálfbærni á öllum sviðum. Þannig stuðlum við að bjartari framtíð fyrir samfélagið, viðskiptavinum, starfsfólk og hluthafa. Við bætum tjón viðskiptavina okkar og tryggjum þannig fjárhagslegt öryggi þeirra. Með forvarnastarfi okkar leitumst við jafnframt við að koma í veg fyrir slys og óhöpp og hjálpum þannig viðskiptavinum okkar og samfélaginu öllu að koma í veg fyrir óþarfa tjón og varanlegan skaða.

Við höfum lagt aukna áherslu á að finna leiðir til að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar. Það er til dæmis gert með því að nýta betur tjónamuni og auka þannig líftíma þeirra hluta sem þegar eru í notkun í stað þess að keypt sé nýtt með tilheyrandi vistspori. Við stöndum jafnframt fyrir fjölda verkefna sem stuðla að ábyrgri nýtingu verðmæta, til dæmis með því að hvetja til að frekar sé gert við framrúður en að skipta þeim út ef mögulegt er. Þannig sparast mikill kostnaður og komið er í veg fyrir sóun. Rafbílavæðing flotans okkar hefur enn fremur gert okkur kleift að draga verulega úr jarðefnaeldsneytisnotkun. Einnig hefur okkur tekist að minnka pappírnotkun svo tonnum skiptir.

Við leggjum mikla áherslu á að allir geti skilið tryggingarnar og þá vernd sem í þeim felst. Lykillinn að því er að tala um þær á mannamáli. Þá erum við stolt af stuðningi okkar við ýmis forvarna- og velferðarmál sem stuðla enn fremur að öruggara samfélagi og meiri lífsgæðum fyrir okkur öll.

Við hjá Sjóvá erum ánægð með það frumkvæði sem við höfum tekið í málefnum sjálfbærni og samfélags en ætlum okkur að gera enn betur.



Samfélagsleg hugsun hefur verið samofin tryggingum allt frá fyrstu tíð. Með tryggingum dreifist áhættan vegna tjóna á fleiri og færist frá einstaklingum yfir á samfélag. Þannig kristallast sú hugsun að **við tökumst saman á við óvænt áföll.**



Heimsmarkmiðin okkar

Við hjá Sjóvá vinnum með áherslur heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og munum halda áfram að auka samþættingu þeirra við starfsemi okkar. Við tengjum sérstaklega við fimm heimsmarkmiðanna, með hliðsjón af eðli rekstrar okkar. Hægt er að sjá frekari útlistun á því í kaflanum [Töflur og ítarefni](#).



Umhverfið

Með því að nýta ábyrgar lausnir í vöruframboði stuðlum við að minni losun, ekki aðeins umhverfinu heldur samfélaginu öllu til heilla. Við bætum vistspor okkar með ýmsum leiðum og stuðlum að ábyrgri nýtingu verðmæta.

Sjálfbærnimarkmið Sjóvá sem snúa að umhverfispáttum tengjast heimsmarkmiðum nr. 12 og 13.



Vörupróun í sátt við umhverfið

Við leitum stöðugt leiða til að þróa vörur okkar og starfsemi í takt við umhverfið á sama tíma og við höfum þarfir viðskiptavina alltaf að leiðarljósi.

Mörg þúsund kílómetra sparnaður

Með rafrænu tjónaskoðunarlausninni Innsýn geta sérfræðingar okkar skoðað vettvang tjóna í gegnum snjallsíma viðskiptavinar og metið aðstæður og hvort þörf sé á heimsókn. Oft er hægt að leysa málið á þennan hátt og hjálpar þessi lausn okkur þannig að minnka kol-efnisspor starfseminnar og spara viðskiptavinum okkar sporin.

Innsýn Sjóvá


Með rafrænu lausninni
Innsýn spöruðum við í akstri



Það er næstum $\frac{1}{2}$
hringur í kringum jörðina

- Vatnstjón á Vesturlandi. Sparaði viðskiptavini viku bið og akstur upp á 400 km.
- Hringt á vakt vegna vatnsleka á Austurlandi. Akstur sparaður upp á 300 km og málið afgreitt á stuttum tíma.
- Vatnstjón á Suðurlandi. Aðstæður skoðaðar með Innsýn. Spöruðum um það bil 500 km akstur.
- Vatnstjón á Vesturlandi. Hringt strax á staðinn með Innsýn. Akstur sparaður upp á 200 km.

Gerðar voru meira en 1.000 rafrænar tjónaskoðanir um land allt



Betra kaskó fyrir rafbíla

Á árinu breyttum við kaskótryggingum ökutækja þannig að við bætum tjón á undirvögnum sem verða ef bíllinn rekst niður í akstri, ekið er í holu eða eitthvað hrekkur undir bílinn.



Áður voru tjón á undirvögnum ekki innifalin í kaskótryggingum hér á landi og gat það komið sér illa, sérstaklega fyrir eigendur raf- og tengitvinnbíla þar sem rafhlöður þeirra eru yfirleitt lægsti punktur bílsins.

Fyrir þessa breytingu féll kostnaður við viðgerð eða útskipti rafhlöðu á eigendur rafbíla í kjölfar slíkra tjóna og gat kostnaður skipt milljónum króna. Þetta var því mikil bót á vernd fyrir rafbílaeigendur þar sem tryggingin bætir þessi tjón nú.



Rúðuviðgerðir minnka sóun

Við höfum sett okkur markmið um að auka hlutfall viðgerða á framrúðum í stað þess að skipta þeim út þegar slíkt er hægt. Rúðuviðgerð er mun umhverfisvænni kostur en útskipti á rúðu auk þess sem viðskiptavinurinn greiðir ekki eigin áhættu af slíku tjóni og missir ekki Stofnendurgreiðslu.

Með sameiginlegu átaki okkar og samstarfsaðila á verkstæðum, sem hófst árið 2020, komum við í veg fyrir losun sem samsvarar 15 tonna koltvísýringsgilda við rúðuskipti á árinu 2021.

Kolefnisspor framrúðuskipta



Að skipta um meðalstóra bílrúðu losar:

51,62 kg
af CO₂.



Að gera við sprungu á bílrúðu losar:

0,0022 kg
af CO₂.

Það er **24.000** sinnum minni losun.

Umhverfisvænir valkostir í stað bílaleigubíla

Þegar bíll fer í viðgerð í kjölfar tjóns geta viðskiptavinir valið að fá bílaleigubíl eða greiðslu sem samsvarar kostnaði við bílaleigubílinn. Um er að ræða fasta upphæð fyrir hvern dag sem ökutækið er í viðgerð.

Á árinu bættum við þriðja valkostinum við, inneign hjá rafhlaupa-hjólaleigu, sem vakti athygli.



Fjöldi tjóna þar sem annar kostur en bílaleigubíll varð fyrir valinu endaði í 24,4% samanborið við 20% árið 2016.

Rafræn samskipti spara pappír

Með innleiðingu rafrænna reikninga hefur orðið bylting í rafrænum samskiptum við fyrirtæki og rekstraraðila. Allir stærstu viðskiptavinir fyrirtækjapjónustu okkar eru nú í rafrænum viðskiptum.

Árið 2021 voru:

57%

viðskiptavina í rafrænum viðskiptum.



Nýtum það sem hægt er að nota

Undanfarin ár höfum við leitað nýrra leiða til að nýta tjónsmuni sem við eignumst til að lágmarka sóun vegna tjóna. Eðli málsins samkvæmt er það ekki alltaf hægt en oft er þó hægt að finna skemmtilegar lausnir. Á árinu hófum við samstarf við Fjölsmiðjuna í Reykjavík þar sem tjóna- munir ganga í endurnýjun lífdaga og nýtast til kennslu og þjálfunar. Má þar nefna hluti eins og tölvu- og tækjabúnað, húsgögn fyrir tré- smíðadeild, bifreiðar, fatnað og fleira. Við ráðstöfum einnig munum til tækniskóla sem nýtast við kennslu og til ýmissa góðgerðafélaga sem það vilja þiggja.

“Fjölsmiðjan er úrræði fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára sem þurfa aukinn stuðning í námi og vinnu. Hér fá þau margs konar tækifæri til að finna styrkleika sína og þjálfa félagslegan þroska. Þau fá einnig fræðslu og hvatningu í tengslum við lífið og tilveruna og útrás fyrir sköpun. Við erum stuðnings- liðið þeirra og þau taka svo lærdóminn með sér áfram inn í sinn hversdag.”

Sturlaugur Sturlaugsson
Forstöðumaður Fjölsmiðjunnar

Er hluturinn endilega ónýtur?

Þegar viðskiptavinir okkar eiga bótarétt vegna muna sem hafa skemmst bjóðum við þeim, þegar það er mögulegt, val milli þess að fá hlutinn bættan fullu verði gegn afhendingu hans, eða þeir haldi nýtilegum munum og fái greiddar bætur sem endurspegla virði þeirra. Með þessu minnkar sóun og nýtilegir hlutir enda síður í ruslinu auk þess sem við- skiptavinir hafa aukið valfrelsi um ráðstöfun tjónbóta.



Við bjóðum starfsfólki í höfuðstöðvum okkar að koma með lífrænt sorp frá heimilum sínum í vinnuna í samvinnu við Terra umhverfisþjónustu.

Kolefnisuppgjör

Við höfum skuldbundið okkur til að draga úr losun frá starfseminni okkar milli ára og kolefnisjafna óhjákvæmi-lega losun frá henni í lok hvers árs.



Losun

Losun Sjóvá nam 174,5 tonnum koltvísýringsígilda á árinu 2021. Losun í umfangi 1 og 2 nam samtals 67,8 t. CO₂ ígilda.

Orkunotkun

Heildarorkunotkun Sjóvá nam 2.916.288 kWh. Orkunotkun samanstendur af rafmagns-, heitavatns- og eldsneytisnotkun. Þar af nam óbein orkunotkun vegna rafmagns- og heitavatnsnotkunar 2.741.850 kWh.

Helstu losunarpættir

Stærsti losunarpáttur Sjóvá árið 2021 var losun vegna samgangna starfsfólks til og frá vinnu og nam samtals 73,2 t. CO₂ ígilda.

Klappir grænar lausnir

Við gerðum samning við Klappir grænar lausnir um að nýta kerfi þeirra til að auðvelda okkur að halda utan um árangur aðgerða á sviði sjálfbærni og útreikninga vegna sjálfbærniuppgjörs. Nánari upplýsingar um samantekt Klappa má finna undir kaflanum [Töflur og ítarefni](#).

Sjálfbærni og fjárfestingar

Sjóvá fjárfestir í fjölbreyttum fyrirtækjum á öllum sviðum samfélagsins. Fjárfestingar okkar skiluðu góðri afkomu á árinu og voru langt umfram væntingar. Þegar Sjóvá lítur til möguleika í fjárfestingum er m.a. horft til þeirra fyrirtækja sem starfa af ábyrgð, hafa jákvæð áhrif á samfélagið og stuðla að aukinni verðmætasköpun.

Sjóvá tekur virkan þátt í samtali um sjálfbærar og ábyrgar fjárfestingar og er aðili að IcelandSIF, samtökum um ábyrgar fjárfestingar á Íslandi.



UFS áhættumat Reitunar fyrir Sjóvá

Á árinu framkvæmdi Reitun UFS áhættumat á frammistöðu Sjóvá á sviði sjálfbærni og fékk Sjóvá einkunnina B2. Samkvæmt matinu fær Sjóvá 75 stig af 100 mögulegum og mældist 10 stigum fyrir ofan meðaltal innlendra útgefenda verðbréfa sem farið hafa í sambærilega greiningu. Matið er framkvæmt af óháðum aðila fyrir hönd fjárfesta á útgefendum verðbréfa sem nýta það síðan til að veita félögum í eignarsöfnum sínum aðhald og ýta undir framþróun á þessum sviðum.



Vissir þú að Sjóvá hlaut hæstu einkunn sem gefin hefur verið fyrir félagsþáttinn í UFS mati Reitunar? Í þeim flokki, sem mælir m.a. vinnuumhverfi, velferð starfsmanna og viðskiptaánægju, fékk félagið 97 stig af 100 mögulegum og einkunnina A1.



Samfélagið

Sjóvá er virkur þátttakandi í íslensku samfélagi og styður við það með forvarnastarfi, fræðslu og styrkjum ásamt fjölbreyttum en jafnframt markvissum verkefnum. Við leitumst við með fræðslu og forvörnum að hjálpa viðskiptavinum okkar að forðast tjón og slys samfélaginu öllu til hagsbóta.

Viðskiptavinir Sjóvá skipta okkur öllu máli og við fylgjumst náið með upplifun þeirra af okkar þjónustu.

Sjálfbærnimarkmið Sjóvá sem snúa að félagsþáttum tengdum viðskiptavinum og samfélagi; þjónusta, aðgengi og ábyrgt vöruframboð, tengjast heimsmarkmiðum nr. 3, 8, 12 og 13.



Ánægðari viðskiptavinir

Við náðum því markmiði okkar að vera efst í Íslensku ánægjuvuginni, 5. árið í röð. Ánægjuvogin mælir ánægju viðskiptavina á ýmsum mörkuðum, þar á meðal tryggingamarkaði. Við höfum á síðustu árum sett okkur það markmið að vera þar efst á blaði, enda ábyrgð okkar að sinna þjónustu við viðskiptavinum okkar með þeim hætti að þeir séu ánægðir. Við rekjum árangur undanfarinna ára til markvissra aðgerða við að bæta þjónustu okkar, meðal annars með einföldun skilaboða og auknu frumkvæði í samskiptum við viðskiptavinum.



ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN
2021

ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN
2019

ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN
2020

ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN
2017

ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN
2018


Tökum þjónustuna skrefinu lengra

Við fylgjumst vel með upplifun viðskiptavina af þjónustu okkar með því að senda reglulega út þjónustukannanir og vinnum upp úr þeim ábendingum sem okkur berast þar með markvissum hætti. Áhersla á framúrskarandi þjónustu hefur skilað okkur margvíslegum árangri, meðal annars höfum við séð fjölda þeirra viðskiptavina sem gefa okkur 10 í þjónustukönnunum aukast gríðarlega síðustu árin, en við fengum **13.282** tíur á árinu.

“Þegar ég hafði samband við Sjóvá lagði starfsmaðurinn sem ég talaði við sig allan fram um að veita mér framúrskarandi þjónustu. Ekki aðeins sendi hún tölvupósta og tók símtöl fyrir mína hönd, heldur hjálpaði hún mér að finna réttu tengiliðina fyrir mig til að fá bílinn minn fullskráðan og tryggðan.

Umsögn viðskiptavinar í þjónustukönnun.

Fjöldi tíu í þjónustukönnunum



Það er hægt að leysa allt



Helga Sigmundsdóttir
Ráðgjafi

Helga starfar sem ráðgjafi í útibúi okkar á Ísafirði en tekur á móti símtölum frá viðskiptavinum um land allt. Helga hefur einstaklega gaman af því að tala við fólk og aðstoða það, enda er fjöldi tíanna sem hún fær í þjónustukönnunum með ólíkindum.

“Ég nálgast þjónustuna með því að heyra tóninn í viðskiptavininum. Þetta snýst alltaf um það við hvern er talað og um hvað málið snýst. Það skiptir máli að vera einlæg, setja sig í spor fólks, útskýra vel og sýna þolinmæði.”

Ég segi alltaf: „Mér liggur ekkert á, ég er til hálf fimm, þetta er ekkert mál!“ Það eru engir tveir dagar eins og þú veist aldrei hvað bíður þín eða hver er á línunni með hvaða erindi. En sama hvað þá er allt hægt að leysa og allar deildir alltaf tilbúnar að hoppa inn og hjálpa.“



Við erum til staðar

Okkur finnst mikilvægt að viðskiptavinir geti valið þjónustu í því formi sem þeim hentar og leggjum áherslu á að útibú okkar og skrifstofur séu opnar þeim sem þangað leita.



Gunnar Már Gunnarsson
Umboðsmaður Sjóvá
í Grindavík


Undanfarin tvö ár hefur mikið gengið á í Grindavík og því verið í mörg horn að líta hjá Gunnari. Hann segir síðustu ár hafa sýnt að það skipti miklu máli að vera með öfluga þjónustu um allt land.

„Það má til dæmis nefna að í íþróttahúsinu hér var haldinn upplýsingafundur fyrir íbúa í kjölfar skjálftanna í janúar 2020. Þá ítrekaði starfsmaður Náttúruhamfaratrygginga mikilvægi þess að fólk færi vel yfir tryggingar sínar og í framhaldi bókstaflega stoppaði ekki síminn, tölvupósturinn og heimsóknirnar til okkar í marga daga. Í slíkum aðstæðum verðum við að geta brugðist hratt við. Ég fékk aðstoð frá útibúinu í Reykjanesbæ til að geta svarað öllum fljótt og vel.“

“Ég opnaði einnig skrifstofuna á sunnudagsmorgninum 7. mars 2021, eftir löngu skjálftanóttina sem er okkur í fersku minni, þannig að fólk gæti leitað til okkar ef það þyrfti á að halda. Á stundum sem þessum skiptir miklu máli að fólk finni að við erum til staðar.“

Stofn

Í meira en 25 ár hefur Sjóvá endurgreitt tjónlausum Stofnfélögum hluta iðgjalda sinna og er það okkar helsta sérstaða á markaði. Í Vildarþjónustunni Stofn bjóðum við upp á aukna þjónustu og betri kjör. Stofnfélagar okkar eru nú um 40 þúsund talsins og fjölgaði þeim um 2.000 á milli ára.



Á síðasta ári endurgreiddum við tæplega 30 þúsund Stofnfélögum okkar samtals **723 milljónir**.

Það var aukning um rúmar 80 milljónir milli ára og höfum við aldrei áður greitt eins mikið til baka en sú þróun er jákvæð fyrir alla, fyrirtækið, viðskiptavinum og samfélagið.



Niðurfelling maígjaldþaga lögboðinna ökutækjatrýgginga

Í ársbyrjun 2022 var ákveðið að fella niður maígjaldþaga ökutækjatrýgginga einstaklinga. Rekstur félagsins hefur gengið vel síðustu tvö ár og við viljum að viðskiptavinir okkar njóti góðs af því. Þess vegna ráðumst við í að fella niður iðgjöld lögboðinna bifreiðatrýgginga líkt og í maí 2020. Það er von okkar að framundan séu betri tímar og líf okkar allra muni fljótlega færast aftur í eðlilegt horf.

Vegaaðstoð

Á árinu var samið við Securitas um að taka að sér Vegaaðstoð Sjóvá sem er þjónusta fyrir viðskiptavinum okkar í Stofni. Hún á við þegar bílar Stofnfélaga verða straum- eða bensínlausir, dekk springur eða þörf er á hjálp við að fylla út tjónaskýrslu.

Vegaaðstoðin, sem er ókeypis, er í boði allan sólarhringinn, alla daga ársins, á höfuðborgarsvæðinu, á Reykjanesi, Akureyri og nærsveitum og Selfossi og svæðinu í kring.

Með því að semja við Securitas bjóðum við viðskiptavinum okkar tryggja og snögga þjónustu þegar eitthvað kemur upp á á vegum landsins.



Forvarnir og fræðsla

Forvarnir ná til allra þátta hins daglega lífs. Við höfum um árabil lagt mikla áherslu á að vinna með viðskiptavinum að forvörnum, bæði einstaklingum og fyrirtækjum. Til mikils er að vinna þar sem það er hagur allra að fækka tjónum og slysum og þannig stuðla að öruggara samfélagi, minna vistspori og auknum lífsgæðum.



Áherslur okkar tengjast heimsmarkmiði þrjú um heilsu og vellíðan en sett hafa verið fram markmið um helmings fækkun alvarlega slasaðra og dauðsfalla vegna umferðarslysa fyrir árið 2030.

Forvarnarpóstar til einstaklinga og fyrirtækja

Lykillinn að árangursríku forvarnarstarfi er upplýsingagjöf. Við leggjum okkur fram um að senda viðskiptavinum, einstaklingum og fyrirtækjum reglulega tölvupósta og minna á hluti sem gott er að hafa í huga til að fyrirbyggja tjón. Á árinu fjölluðu tölvupóstarnir meðal annars um reykskynjara og notkun þeirra, það sem huga þarf að í sumarhúsinu, hvernig fólk er tryggt í náttúruhamförum sem og mikilvægi þess að taka trampólínið niður í rauðri veðurviðvörðun, svo dæmi séu tekin.

Forvarnarfundir með fyrirtækjum

Þrátt fyrir takmarkanir og heimsfaraldur þá tókst okkur að halda samtalinu um forvarnir virku og héldum marga fræðslu- og forvarnarfundi. Við vinnum stöðugt að því að greina áhættur ólíkra fyrirtækja, taka út tölfræði um óhöpp og slys og fara yfir hvernig koma má í veg fyrir þau. Við förum reglulega í heimsóknir til fyrirtækja í viðskiptum hjá okkur og ræðum forvarnir.

Við héldum fundi um öryggismenningu fyrirtækja, ferðasumarið og öryggismál með aðilum ferðaþjónustunnar og sáum um framkvæmd á ársfundi Eldvarnabandalagsins.

Talað um tryggingar

Aukið samtal um tryggingar og forvarnir er samfélagslega mikilvægt og þar getum við verið raunverulegt hreyfiafl til góðs. Við leggjum mikið upp úr því að tala um tryggingar með einföldum og skýrum hætti, á mannamáli, bæði út á við og í samskiptum við okkar viðskiptavini. Starfsfólk okkar veitir faglega ráðgjöf um hvaða tryggingavernd hentar hverjum viðskiptavini út frá hans þörfum og leggur áherslu á að viðskiptavinurinn skilji bæði á hverju ráðgjöfin byggir og í hverju verndin sem hann er að kaupa felst. Það er mikilvægt að fólk geti tekið upplýsta ákvörðun og að allar upplýsingar frá okkur séu skýrar og aðgengilegar.



Við birtum reglulega greinar á Vísí um ýmis forvarna- og tryggingamál. Með því aukum við samtal okkar við almenning og miðlum fræðslu um hvernig koma megi í veg fyrir slys og óhöpp.

Þá tókum við virkan þátt í starfsemi fræðsluvettvangsins Fjármálavits en markmið hans er að bæta fjármálalæsi og stuðla að upplýstri ákvarðanatöku í fjármálum og þar koma tryggingar að sjálfsögðu við sögu.

Sjóvá spjallið

Sjóvá spjallið hóf göngu sína á árinu en það er hlaðvarp þar sem rætt er um tryggingar og forvarnir á einfaldan og fræðandi hátt. Tryggingar geta virst flóknar við fyrstu sýn og er þetta okkar leið til að upplýsa fólk betur um hvaða tryggingar henta þeirra þörfum og hvernig má koma í veg fyrir slys og óhöpp. Einnig er rætt við samstarfsaðila okkar og snert á áhuga-verðum málaflokkum er tengjast starfseminni.



Ertu eldklár?

Ný reglugerð um eldvarnareftirlit fyrirtækja var okkur hvatning til að eiga samtál við fyrirtækin í viðskiptum hjá okkur um eigið eldvarnareftirlit. Við heimsóttum fyrirtæki, færðum þeim eldvarnarteppi og upplýstum um mikilvægi eldvarnarfulltrúans.

Áhugasöm geta kynnt sér hlutverk eldvarnarfulltrúa betur [hér](#).

Hversu hratt fer ég?

Í september buðum við upp á upplifun í sýndarveruleika þar sem hægt var að upplifa bíl að nálgast með ólíkum hraða, séð með augum barns á gangbraut.

Markmiðið var að hjálpa fólki að átta sig á hversu mikilvægt það er að virða hámarkshraða og hversu alvarlegar afleiðingar smávægilegar hraðabreytingar geta haft.




Styrkir og samstarf

Sjóvá veitir árlega styrki til fjölmargra félagasamtaka og einstaklinga sem vinna að ýmsum góðum málefnum í þágu samfélagsins. Við forgangsröðum styrkjum í verkefni sem hafa forvarnargildi og leggjum sérstaka áherslu á forvarnir gegn slysum og tjónum og heilsutengdar forvarnir.

Styrkjum íþróttastarf um land allt

Íþróttastarf hefur mikilvægt samfélagslegt gildi og þess vegna tökum við þátt í margvíslegum verkefnum á því sviði á hverju ári. Sjóvá er aðili að Ólympíufjölskyldu Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands, styður starf Íþróttasambands fatlaðra, ásamt því að styðja við barna- og unglingsstarf íþróttafélaga um land allt. Þannig viljum við taka þátt í að byggja upp heilbrigt og öruggt samfélag í góðu samstarfi við íþróttafélög.

Hlutföll styrkja 2012–2021





Styrkir mikilvægir fyrir minni bæjarfélög



Kristín Jónsdóttir
Þjónustustjóri Vesturlands

„Við leggjum mikla áherslu á að styrkja íþróttá- og menningarstarf hér í Borgarnesi. Það eru ekki mörg stór fyrirtæki í minni bæjarfélögunum og því mikilvægt að leggja áherslu á að styrkja uppbyggingu svo unga fólkið njóti góðs af þeim styrkjum sem veittir eru.“

„Styrkirnir sem við veitum körfuboltadeildinni hér er til dæmis skipt jafnt milli allra, hvort sem það er meistara-flokkur kvenna eða karla eða barna- og unglingastarfið.“

Hún segir að Sjóvá styrki líka menningarstarfið í bænum. „Ég legg áherslu á að yngri kynslóðin fái sitt og höfum við til dæmis alltaf styrkt árlegt blað Menntaskólans og jólaútlit sem grunnskólinn heldur.“

Samstarf í 20 ár

Sjóvá hefur átt farsælt samstarf við Slysavarnafélagið Landsbjörg um áratuga skeið og er stoltur aðalstyrktaraðili samtakanna. Á árinu var samstarfssamningurinn endurnýjaður og nær hann til næstu fimm ára. Við tryggjum líka eignir og búnað björgunarsveita um land allt og sjáum til þess að félagar þeirra séu vel tryggðir í þeim krefjandi aðstæðum sem þau starfa oft við.

Undir samstarfssamninginn falla einnig forvarnatengd verkefni, svo sem að gefa öllum börnum á landinu flugeldagleraugu í kringum áramótin.

“Björgunarsveitirnar hafa margsannað mikilvægi sitt, ekki hvað síst á undanförunum árum þegar ofsaverður hafa geisað, eldfjöll gosið og aurskriður fallið. Samstarfið okkar við Landsbjörg hefur verið afar farsælt og það er okkur mikið ánægjuefni að geta haldið áfram að styðja við það mikilvæga starf sem aðildarfélög Slysavarnafélagsins Landsbjargar vinna um allt land.”

Hermann Björnsson
Forstjóri Sjóvá



Ný björgunarskip Landsbjargar

Í lok árs afhenti Sjóvá Slysavarnafélaginu Landsbjörg styrk upp á **142,5 milljónir** króna til að smíða þrjú ný björgunarskip fyrir samtökin. Landsbjörg hefur lengi talað fyrir mikilvægi þess að björgunarskipin þeirra verði endurnýjuð enda eru þau sem nú eru í notkun komin til ára sinna. Með styrknum frá Sjóvá gat smíði nýju skipanna hafist. Afhending fyrsta skipsins er áætluð á Goslokahátíð í Vestmannaeyjum sumarið 2022, en þar verður heimahöfn skipsins. Hin tvö skipin verða afhent 2022 og 2023.

Það er okkur mikil ánægja að geta stutt við þetta brýna verkefni og stuðlað að auknu öryggi sjófarenda og samfélagsins alls.




Viðbragðssvæði núverandi björgunarskipa á 120 mín.

Meðalhraði
14 hnútar




Viðbragðssvæði **nýrra** björgunarskipa á 120 mín.

Meðalhraði
35 hnútar





Stytta klukkutíma útkall niður í hálf tíma



Örn Smáráson

Verkefnastjóri sjóbjörgunar hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg

“ Það fylgir því gríðarstór breyting að fá þessi nýju skip í notkun. Stærsta breytingin er viðbragðsaukningin en við erum að skera í flestum tilfellum klukkutíma útkall niður í hálf tíma. En þess fyrir utan erum við að fá nýjan siglingabúnað, ný tæki, nýjar hitamyndavélar, ný ljós, nýjan vélbúnað og miklu fullkomnari búnað til leitar- og björgunarstarfa.”

Örn segir stuttan viðbragðstíma og góðan búnað sannarlega geta skipt sköpum. „Sama hvort það er verið að sinna sjúkum, leita að týndum sjómönnum eða aðstoða biluð skip, þá skiptir máli að komast sem fyrst á staðinn. Þessi styrkur frá Sjóvá er okkur því gríðarlega mikilvægur.“

SafeTravel appið bætir öryggi í umferðinni

Við höfum um nokkurt skeið unnið að gerð smáforrits með það að markmiði að auka öryggi á vegum landsins, enda hefur lengi verið þörf á að geta með auðveldum hætti fylgst með ástandi vega á Íslandi í rauntíma. SafeTravel appið var kynnt formlega í september en þar er hægt að nálgast upplýsingar um færð og ástand vega hverju sinni, á ensku og íslensku og er því þannig ætlað að einfalda ákvarðanatöku við akstur á Íslandi. Forritið er í stöðugri þróun og bundnar við það miklar væntingar.

SafeTravel appið er afurð trausts samstarfs Landsbjargar undir merkjum SafeTravel, Sjóvá og Stokks hugbúnaðarhúss, en Sjóvá stóð undir kostnaði að þróun þess. Nú hafa um **16.750** aðilar sótt appið.



Áratuga samstarf um slysavarnir barna

Öll viljum við vernda börnin okkar en rannsóknir sýna að flest slys á börnum eiga sér stað í heimahúsum og því sérstaklega mikilvægt að huga að forvörnum á heimilum. Allt frá 2006 hefur Sjóvá styrkt Miðstöð slysavarna barna, fyrst undir merkjum Sjóvá Forvarnarhúss. Í miðstöðinni er boðið upp á ókeypis námskeið fyrir foreldra um slysavarnir og öryggi barna. Árið 2021 efldum við samstarfið enn frekar, heimsóttum miðstöðina og uppfærðum gátlista fyrir foreldra og uppalendur um öryggi barna á heimilum. Nú er hægt að nálgast hann á vefsvæðum [MSB](#) og [Sjóvá](#).





Öryggi barnanna




Herdís Storgaard
Hjúkrunarfræðingur

„Miðstöð slysavarna barna er eini staðurinn þar sem þú getur fengið nýjustu faglegu upplýsingarnar um öryggi barnsins þíns,“ segir Herdís sem hefur rekið miðstöðina um langa hríð. Þar tekur hún á móti væntanlegum foreldrum og fræðir þau um öryggi barna. „Ég trúí því að ef við náum að auka skilning fólks á áhættum með fræðslunni þá breytir það til betri vegar. Gerir það sem þarf til að auka öryggi. Ég fer einnig yfir gátlistann sem ég hef gert með stuðningi Sjóvá og foreldrar fá afhentan.

“ Markmiðið er alltaf að bjóða fram aðstoð og ráð til að auðvelda foreldrum að tryggja öryggi barnanna fyrstu árin.”

Gjafir sem skipta máli

Árlega gefum við mikinn fjölda af endurskinsvestum til leikskóla og frístundaheimila um land allt og gefum þúsundir endurskinsmerkja til allra þeirra sem vilja. Síðustu ár hefur til dæmis verið vinsælt að foreldrafélög hafi samband til að fá endurskinsmerki til að hengja upp hér og þar, sem börnin finna síðan með vasaljósum og úr verður góð skemmtun og samvera barna og foreldra.



Í gegnum tíðina höfum við útvegað ýmsum gönguhópum endurskinsvesti, eins og gönguhópnum Korpúlfum í Grafarvogi, sem fara reglulega saman í göngur, vel sýnileg í endurskinsvestum frá Sjóvá.



Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ

Sjóvá hefur styrkt Kvannahlaup ÍSÍ frá því það var fyrst haldið árið 1990. Upphaflegt markmið hlaupsins var að hvetja konur til að hreyfa sig saman og auka þátttöku þeirra í starfi íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Í dag er áherslan á bættu lýðheilsu og samstöðu kvenna, að hver og ein njóti þess að hreyfa sig á sínum forsendum og eigi ánægjulega samveru- stund með fjölskyldu og vinum.

Fyrir tveimur árum var ákveðið að endurhugsa bolinn sem afhentur er þátttakendum með það að markmiði að bæta nýtingu og minnka umhverfisáhrif hlaupsins. Aukin áhersla er nú lögð á notagildi við hönnun bolsins og hann framleiddur á ábyrgan hátt með hagsmuni umhverfisins að leiðarljósi.

Á sama hátt var ákveðið að gefa ekki höfuðbuff í hlaupinu heldur styrkir Sjóvá þess í stað gott málefni um þá fjárhæð sem hefði annars verið varið í buffin. Árið 2021 rann styrkurinn til haustsöfnunar Barnaheilla, Lína okkar tíma, en þar var safnað fyrir þróunarverkefni samtakanna í Síerra Leóne sem leggur áherslu á vernd stúlkna gegn ofbeldi.



Fyrirtækið

Við viljum tryggja að mannréttindi séu virt og förum að einu og öllu eftir þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Sjóvá vill vera í fararbroddi á þessum sviðum og fylgir mannréttinda-stefnu sem felur í sér stefnu um jafnrétti, jöfn tækifæri og fjölbreytileika.

Við leggjum áherslu á að skapa eftirsóknarverðan vinnustað og tryggja að framúrskarandi fólk kjósi að starfa hjá okkur.

Sjálfbærnimarkmið Sjóvá sem snúa að félagsþáttum tengdum mannauði; starfsánægju, jafnrétti og jafnlaunastefnu, tengjast heimsmarkmiðum nr. 5 og 8.




Fjölbreyttur vinnustaður

Við erum öflugt teymi fólks með fjölbreytta menntun, starfsreynslu og áhugamál. Í árslok 2021 störfuðu 192 starfsmenn hjá Sjóvá í 185 stöðugildum. Af þessum 192 eru 95 konur og 103 karlar. Á sumrin fjölga í starfsmannahópnum og á hverju ári eru um 15 sumarstarfsmenn í fullu starfi yfir sumarmánuðina. Mikil ásókn hefur einnig verið í að koma í starfsnám, og eru á hverjum vetri að jafnaði 2-3 starfsnemar hjá Sjóvá.



Starfsmannavelta er í heildina 8,1% meðal starfsfólks í fullu starfi fyrir 2021. Lág starfsmannavelta endurspeglast einnig í því að mörg kjósa að vinna lengi hjá Sjóvá. Meðalstarfsaldur er 11 ár og meðallífdur starfsfólks er 45 ár.

Starfsaldur hjá Sjóvá



Starfsánægja


Fyrirtækjamenningin okkar skiptir miklu máli en hún einkennist af jafnrétti, liðsheild og virðingu.

Áhersla er lögð á að starfsfólk búi við góðar aðstæður í vinnunni, að þekking og reynsla haldist innan fyrirtækisins og að nýliðun sé framúrskarandi. Mikil áhersla er lögð á vandað ráðningarferli þar sem stefna Sjóvá um fjölbreytileika er höfð að leiðarljósi. Þanig viljum við tryggja að félagið sé ávallt samkeppnishæft og hjá okkur starfi framúrskarandi starfsfólk sem tryggir velgengni félagsins.

Starfsánægja hefur verið mikil hjá Sjóvá og í árlegri könnun Gallup fyrir árið 2021 var hún með því hæsta sem mælst hefur hjá íslenskum fyrirtækjum. Sjóvá mældist í topp 10% í alþjóðlegum gagnabanka Gallup sem telur þúsundir fyrirtækja.

Aukin starfsánægja skilar ánægðari viðskiptavinum

Við lítum svo á að starfsánægja sé mikilvæg forsenda rekstursins. Við höfum séð ár eftir ár hvernig hún helst þétt í hendur við ánægju viðskiptavina, enda segir það sig sjálft að ánægt starfsfólk veitir betri þjónustu.



Fræðsla og starfsþróun

Við leggjum mikla áherslu á starfsþróun og öflugt fræðslustarf. Fræðslan miðar fyrst og fremst að því að auka hæfni og þekkingu, með markvissri nýliðarþjálfun og símenntun. Við bjóðum upp á fræðsludagskrá árið um kring og hefur vikuleg rafræn fræðsla fyrir allt starfsfólk fest sig í sessi. Þá sækir starfsfólk sér stöðugt viðbótarþekkingu með reglulegum námskeiðum og ráðstefnum. Sífelldar breytingar eru í rekstrarumhverfi tryggingafélaga með breyttri samfélagsgerð, neyslumynstri og regluverki og því á sér stað stöðug þróun verkefna og starfa innan félagsins. Öflun og viðhald þekkingar er lykilatriði í þeirri þróun.



Sjóvá var fyrirtæki ársins fjórða árið í röð hjá VR og **mældist hæst** allra fyrirtækja á lykilþættinum ánægju og stolti af vinnustað.



Samræming vinnu og einkalífs

Við viljum að starfsfólk okkar eigi auðvelt með að samræma vinnu og einkalíf og virðum fjölskylduábyrgð þess. Við hvetjum starfsfólk okkar til að nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs og viljum sýna nýbökuðum foreldrum stuðning í verki. Starfsfólki sem starfað hefur hjá Sjóvá í eitt ár eða lengur stendur til boða að lengja fæðingarorlof sitt um 6 vikur á 80% af grunnmánaðarlaunum. Hægt er að taka þetta viðbótarorlof þegar lögbundnu fæðingarorlofi er lokið. Einnig fær starfsfólk sem starfað hefur lengur en í tvö ár orlofsávinnslu á meðan það er í fæðingarorlofi sem er umfram kjarasamninga. Starfsfólki hefur staðið til boða hlutastörf eftir fæðingarorlof.

Heilsuefling

Við viljum stuðla að bættri líkamlegri og andlegri heilsu okkar starfsfólks og styrkjum það með ýmsum hætti. Við breyttum reglum um samgöngustyrki á árinu og buðum meðal annars upp á sérstaka sumarstyrki, til að gera sem flestum kleift að mæta gangandi, hjólandi eða með strætó til vinnu hluta ársins. Þessi breyting mæltist mjög vel fyrir og skilaði sér í sjöföldun í fjölda samgöngustyrkja í samanburði við árið í fyrra. Við bjóðum einnig upp á líkamsræktarstyrki, heilsufarsmælingar og influensuspautur. Einnig niðurgreiðum við lækniþjónustu, svo sem krabbameinsskoðun, sjúkraþjálfara og sálfræðiþjónustu.



Skýr og markviss stefna í jafnréttismálum

Við höfum verið öflugir talsmenn fyrir fjölbreytni og jöfnum kynjahlutföllum á öllum stigum starfseminnar. Teymi með fjölbreyttum einstaklingum nær oftast en ekki meiri árangri og stuðlar að því að gera vinnustaðinn eftirsóknarverðari. Það er þess vegna sem Sjóvá hefur unnið markvisst að jafnréttismálum og lagt áherslu á að vera leiðandi á því sviði.



Í lok árs 2021 var 48% starfsfólks konur og 52% karlar og voru 40% stjórnarmanna konur og 60% karlar. Þá eru konur 75% af framkvæmdastjórn félagsins og í stjórnendateymi Sjóvá eru hlutföllin 48% konur og 52% karlar.

Launamunur kynja hefur ávallt mælst undir 2%. Á árinu 2021 mældist launamunur kynja 1,5%.

Viðurkenning Jafnvægisvogarinnar

Sjóvá hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar á árinu, en hana hljóta þau fyrirtæki sem hafa náð að jafna hlutfall kynja í efsta lagi stjórnunar.

“Með því að leggja áherslu á jafnréttismál höfum við búið okkur til virkilega öflugt og fjölbreytt teymi stjórnenda sem við erum mjög stolt af. Þá erum við með fjölbreyttan hóp starfsfólks í öllum deildum fyrirtækisins sem skilar okkur betri árangri. Fjölbreytni hefur líka jákvæð áhrif á samskipti og fyrirtækjamenningu.”

Erla Björk Gísladóttir
Sérfræðingur í mannauðsmálum

Velliðan og öryggi

Góð vinnuvernd, áhersla á öryggismál og heilbrigð samskipti eru mikilvægir þættir í fyrirtækjamenningu okkar. Við erum með skýra stefnu um að hvers konar mismunun, einelti, áreitni eða ofbeldi muni ekki vera liðin á vinnustaðnum og vel skilgreint verklag um hvernig unnið sé gegn og tekið á þess háttar hegðun.

Okkur er mjög annt um öryggi okkar starfsfólks og reglulega er farið yfir öryggismál bæði tengd húsnæði og samskiptum á vinnustaðnum milli starfsfólks og við viðskiptavinum okkar. Innan Sjóvá starfar sérstakt viðbragðsteymi starfsfólks með fjölbreytta reynslu og bakgrunn sem stýrir aðgerðum í þessum málaflokki.

Áhættu- og öryggisnefnd okkar leidd af forstjóra stýrði síðan aðgerðum í heimsfaraldrinum og var öryggi og regluleg upplýsingagjöf til starfsfólks meginmarkmið. Kannanir hafa sýnt að mikil ánægja var meðal starfsfólks með aðgerðir okkar á þessum tíma.

Það er yfirlýst stefna okkar að vinna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustaðnum með forvarnafræðslu, áhættumati og greiningum á samskiptum og stjórnun ásamt virkri upplýsingagjöf til starfsfólks. Mótað hefur verið verklag sem er að finna í öryggishandbók okkar varðandi tilkynningar og málsmeðferð. Allt starfsfólk skrifar undir á fyrstu dögum starfstíma að það hafi kynnt sér efni öryggishandbókar.



SJÓVÁ

Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn kulnun



Ágústa Björg Bjarnadóttir
Forstöðumaður mannauðs

Eitt mikilvægasta verkefni vinnustaða er að huga að forvörnum gegn streitu og miklu álagi. Þess vegna fær allt starfsfólk og stjórnendur Sjóvá reglulega fræðslu um helstu einkenni streitu, viðbrögð og úrræði. Sjóvá er í góðu samstarfi við Streituskólann og Hugarheim en samstarfið byggir á forvörnum á sviði streitu og kulnunar.

“Sjóvá vaktar svo sérstaka sálfélagslega áhættuþætti á vinnustaðnum. Þeir tengjast meðal annars stjórnun, samskiptum, skipulagi vinnu, starfahönnun, álagi, kröfum og andlegri líðan starfsfólks.

„Við leggjum mikla áherslu á að fylgjast vel með þáttum í starfsumhverfi okkar sem hafa áhrif á heilsu, vellíðan og ánægju starfsfólks. Lagt er upp með að starfsfólk sé vel upplýst um hvert það geti leitað og hvernig á að taka á málum, ef það upplifir einhver þessara einkenna. Það skiptir miklu máli að fólk upplifi bæði skilning, stuðning og að það séu úrræði í boði.“

Markmið 2022




Umhverfi

Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda

Við ætlum að draga úr losun frá starfseminni og kolefnisjafna þá losun sem óhjákvæmileg er frá starfseminni í lok hvers árs.

Í umhverfisstefnu okkar skuldbindum við okkur til að fylgja öllum lagakröfum á sviði umhverfismála og hafa umhverfismál til hliðsjónar í öllum rekstri. Unnið er markvisst að því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif félagsins og hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið á sviði umhverfismála. Framtíðarstefnumótun og þróun félagsins mun taka mið af vistvænni nálgun og lítið er til hagkvæmrar notkunar aðfanga og tækjabúnaðar og endurnýtingar og endurvinnslu til að takmarka umhverfispor félagsins.



Kolefnishlutlaust Sjóvá árið 2025

Við ætlum að vera kolefnishlutlaus innan fjögurra ára. Fjölgun hreinorkubíla í bílafлотanum og samgöngusamninga og samgöngustyrkja til vistvænni ferðamáta starfsfólks eru meðal markmiða Sjóvá á þessu sviði.

Haldin eru námskeið og kynningar fyrir starfsfólk um málefni tengd umhverfis- og loftslagsmálum og augin skýrslugjöf um umhverfispor rekstrarins miða að því að upplýsa um árangur Sjóvá.



Auka rafræn viðskipti


Við ætlum að ná 75% vefskráningu tjóna fyrir lok árs 2022 og að 75% viðskiptavina nýti sér rafræn viðskipti.



Félagspættir - starfsfólk


Viðhalda hárrí starfsánægju

Við ætlum að viðhalda hárrí starfsánægja hjá Sjóvá og að hún sé áfram meðal 10% efstu mælinga í gagnagrunni Gallup á Íslandi.



Jafnlaunavottun

Við ætlum að vinna áfram markvisst að því að launamunur kynja sé undir 2%. Jafnréttismál og jafnlaunastefna félagsins eru tekin út árlega af óháðum aðilum.



Fjölbreytileiki og hlutföll kynja

Við ætlum að halda áfram að vanda til verka og huga að fjölbreytileika og því að hlutföll kynja séu sem jöfnust í öllum flokkum, þ.e. starfsfólks, framkvæmdastjórnar, stjórnendahóps, stjórnra og nefnda. Markmið okkar er að meðaltal hlutfalla karla og kvenna sé milli 45% og 55%.




Félagsþættir - viðskiptavinir

Auka ánægju viðskiptavina enn frekar

Við ætlum að leggja allt kapp á að viðskiptavinir okkar séu ánægðir og ætlum að fylgjast með hvort við séum á réttri leið með reglulegum mælingum, bæði innanhúss og á markaði.

Markmið okkar er að vera efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvuginni. Við mælum jafnframt ánægju viðskiptavina á fyrirtækjamarkaði og ætlum okkur að mælast með hæstu einkunn á tryggingamarkaði þar líka.



Efla forvarnarstarf og fjölga forvarnarskilaboðum

Við ætlum að gera enn betur í að halda úti virku forvarnarstarfi. Með góðum skilaboðum og áhættumati er hægt að hafa áhrif, fyrirbyggja tjón og minnka líkur á skaða. Til að ná því ætlum við að auka heimsóknir og áhættuskoðanir til fyrirtækja og fjölga forvarnarskilaboðum á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði.



Hærra hlutfall viðskiptavina með líf- og sjúkdómatryggingu


Við ætlum okkur að auka hlutfall þeirra viðskiptavina sem hafa líf- og sjúkdómatryggingar. Enda felst í því góð ráðgjöf og mikilvæg vernd sem tryggir fjárhagslegt öryggi.



Félagsþættir - viðskiptavinir

Umhverfisvænni tjónaafgreiðsla

Við ætlum að vinna áfram í takt við umhverfið og er því stefnan fyrir lok árs 2023 að auka hlutfall viðgerðra framrúða upp í 20% og auka endurnýtingu varahluta í 12% m.t.t. fjölda tjóna á ári. Mikill ávinningur er af því að nýta hluti lengur í stað þess að farga þeim ef þess er nokkur kostur. Mikilvægt er að fræða um þá valkosti sem bjóðast og mismunandi umhverfisáhrif þeirra.



Stjórnarhættir

Stjórnarhættir

Sjóvá fylgir í hvívetna þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Leitast er við að stjórnarhættir séu í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti og þær kröfur sem gerðar eru til félagsins sem er eftirlitsskyldur aðili og skráður í kauphöll. Sjóvá hefur skýra stefnu um að vinna gegn hvers konar spillingu, glæpsamlegri starfsemi og peningabætti í öllum viðskiptum félagsins.



Töflur og ítarefni



Um Sjóvá og heimsmarkmiðin

3. Heilsa og vellíðan

Áherslur okkar í forvörnum tengjast heimsmarkmiði 3. [Undirmarkmið 3.6.](#) kveður á um að búið verði að ná fjölda dauðsfalla og alvarlegra slasaðra vegna umferðarslysa niður um helming á heimsvísu fyrir 2030. Sjóvá hefur unnið að stórum verkefnum tengdu þessu markmiði með því að auka öryggi þeirra sem ferðast um vegi landsins, koma af stað árverkni átaki um endurskinsmerkja notkun og upplýsa með fræðslu og forvörnum þá hópa sem mest verða fyrir slysum.

[Undirmarkmið 3.2.](#) tekur á ungbarnadauða og andlátum barna undir fimm ára aldri sem hægt er að afstýra. Við hjá Sjóvá höfum um árabíl styrkt forvarnarverkefni sem hafa að markmiði sínu að koma í veg fyrir slík slys.

Reglulegir styrkir okkar til barna- og ungmennastarfs í íþróttum um land allt tengjast enn fremur [undirmarkmiði 3.5.](#) um forvarnir gegn misnotkun fíkniefna og áfengis.

5. Jafnrétti kynjanna

Við hjá Sjóvá höfum um árabíl lagt áherslu á að tryggja jöfn tækifæri og jafnrétti kynja til ábyrgðar og launa í samræmi við heimsmarkmið 5 og 8. Mannréttindastefna okkar og árleg aðgerðaáætlun eru ramminn sem við vinnum eftir.

Til að deila þekkingu okkar og styðja aðra til árangurs styrkjum við Jafnvægisvogina, sem er hreyfiaflsverkefni FKA og forsætisráðu-neytisins. Við styðjum einnig við starfsemi UAK, Ungra athafnakvenna. Þessi verkefni styðja við ólík [undirmarkmið heimsmarkmiðs 5](#), svo sem [undirmarkmið 5.5.](#) um að tryggja virka þátttöku kvenna og jöfn tækifæri til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.

8. Góð atvinna og hagvöxtur

Við hjá Sjóvá höfum lagt ríka áherslu á að halda rekstri okkar sterkum og ábyrgum, með hagsmuni viðskiptavina, starfsfólks, fjárfesta og samfélagsins alls að leiðarljósi.

Við höfum einnig lagt okkur fram við að styðja vel við fyrirtæki okkar í viðskiptum, s.s. þegar áhrifa heimsfaraldursins fór að gæta. Það styður við [undirmarkmið 8.3.](#) um meðbyr við lítil og meðalstór fyrirtæki, til að styðja við afkastamikla framleiðslustarfsemi, frumkvöðlastarfsemi, sköpunarmátt og nýsköpun.

Við höfum einnig styrkt við verkefni sem miða að því að auka atvinnuþátttöku og nýsköpun, sem styður við [undirmarkmið 8.6.](#) um verulega lækkun á hlutfalli atvinnulausra ungmenna. Sjóvá hefur að sama skapi um árábil lagt áherslu á að tryggja jöfn tækifæri og jafnrétti kynja til ábyrgðar og launa í samræmi við [undirmarkmið 8.5.](#)

Áhersla okkar á ánægju viðskiptavina tekur mið af [undirmarkmiði 8.2.](#) um aukna framleiðni með fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun, og [undirmarkmiði 8.10.](#) um bætt aðgengi að tryggingaþjónustu sem við höfum sinnt meðal annars með vörupróun, einfalda og tala um tryggingar á mannamáli og með því að mæta viðskiptavinum ýmist með stafrænum hætti eða á þjónustuskrifstofum okkar um land allt.

12. Ábyrg neysla og framleiðsla

Við vinnum að [undirmarkmiði 12.5](#) um forvarnir, minnkun úrgangs, aukna endurvinnslu og endurnýtingu sem hafa það markmið að draga verulega úr sóun.


Fræðsla okkar um forvarnir og ýmis forvarnaverkefni leiða okkur að sama marki. Umhverfisvænni tjónavinnsla og fræðsla um slíka kosti vinna að sama marki auk þess sem við sinnum þar fræðslu og meðvitund um sjálfbæra þróun í samræmi við [undirmarkmið 12.8.](#)

13. Aðgerðir í loftslagsmálum

Sjóvá hefur kolefnisjafnað eigin losun vegna aksturs og flugsamgangna í samstarfi við Kolvið frá árinu 2015. Við höfum svo á síðasta ári að styrkja Neyðarvarnir Rauða kross Íslands til að bæta aðbúnað við uppsetningu fjöldahjálparstöðva en þörf fyrir þær hefur aukist mikið í tengslum við veðurofsa og náttúruhamfarir. Það er í samræmi við [undirmarkmið 13.1.](#) um að auka viðbragðsáætlanir og viðbúnað vegna hættu af völdum náttúruhamfara.

Rafvæðing ökutækja félagsins, innleiðing fjarskoðunarlausnarinnar Innsýnar, fjölgun samgöngusamninga og átak og umhverfisvænni tjónavinnsla eru allt verkefni sem ætlað er að minnka losun.

Skipurit Sjóvá



Klappir

Sjóvá gekk á árinu 2021 til samninga við Klappir grænar lausnir um notkun á sjálfbærnilausn þeirra til að halda utan um árangur aðgerða í UFS sjálfbærnisráðgjöf og gerð sjálfbærniuppgjörs. Gögnum í UFS skýrslu er nú safnað inn í kerfi Klappa með sjálfvirkum hætti að stórum hluta. Kerfið annast útreikninga á losun samkvæmt Greenhouse Gas Protocol.

Sjálfbærniuppgjörið hefur að geyma allar helstu upplýsingar um umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti Sjóvá. Klappir skipuleggja og haga vinnu sinni í samræmi við meginreglur Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðinnar: Viðeigandi, Nákvæmni, Heilleiki, Samræmi og Gagnsæi.

Gögn Sjóvá eru yfirfarin og metin eftir bestu vitund og nákvæmstu upplýsingum að hverju sinni, að undanskildum gögnum tengdum félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Klappir bera ekki ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þeirra upplýsinga sem hér birtast.

Rekstrarþættir

Rekstrarbreytur	Einingar	2020	2021
Heildartekjur	m. ISK	25.308,67	31.553,56
Eigið fé alls	m. ISK	21.363,56	24.338,79
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	186	185
Heildarrými fyrir eigin rekstur	m ²	4.091	4.091
Fjöldi einstaklinga í viðskiptum	fjöldi	76.500	79.800
Fjöldi fyrirtækja í viðskiptum	fjöldi	7.700	8.300
Eignastýring	Einingar	2020	2021
Fjöldi bifreiða	fjöldi	17	17
Þar af rafmagnsbílar	fjöldi	1	3
Þar af tvinnbílar	fjöldi	5	5

Rekstrarþættir

Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda

	Einingar	2020	2021
Losunarkræfni orku	kgCO ₂ í/MWst	58,98	59,82
Losunarkræfni starfsmanna	kgCO ₂ í/stöðugildi	796,42	943,04
Losunarkræfni tekna	kgCO ₂ í/milljón ISK	5,85	5,53
Losunarkræfni eiginfjár	kgCO ₂ í/milljón ISK	6,93	7,17
Losunarkræfni á hvern fermetra	kgCO ₂ í/m ²	36,21	42,65

Nasdaq: E2|UNGC: P7, P8|GRI: 305-4 |SDG: 13|SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management

Orkukræfni

	Einingar	2020	2021
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugildi	13.502,6	15.763,7
Orkukræfni tekna	kWst/milljón ISK	99,2	92,4
Orkukræfni á fermetra	kWst/m ²	613,9	712,9

Nasdaq: E4|UNGC: P7, P8|GRI: 302-3|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

Úrgangskræfni

	Einingar	2020	2021
Úrgangskræfni starfsmanna	kg/stöðugildi	51,8	70,3
Úrgangskræfni veltu	kg/milljón ISK	0,4	0,4

Losunarbókhald

Mótvægisáðgerðir	Einingar	2020	2021
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO ₂ í	237,5	381,5
Mótvægisáðgerðir með skógrækt	tCO ₂ í	237,5	381,5
Mótvægisáðgerðir með endurheimt votlendis	tCO ₂ í	0	0
Aðrar mótvægisáðgerðir	tCO ₂ í	0	0
Gróðurhúsalofttegundir	Einingar	2020	2021
Umfang 1	tCO ₂ í	40,4	42,8
Umfang 2 (landsnetið)	tCO ₂ í	21,5	25
Umfang 1 og 2	tCO ₂ í	61,9	67,8
Umfang 3	tCO ₂ í	86,2	106,6
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 og 3)	tCO ₂ í	148,1	174,5

Nasdaq: E1|UNGC: P7|GRI: 305-1,305-2,305-3|SASB: General Issue / GHG Emissions|TCFD: Metrics & Targets

Losunarbókhald

Umfang 1 - Samsetning losunar

	Einingar	2020	2021
Heildarlosun	tCO ₂ í	40,4	42,8
Eldsneytisnotkun farartækja	tCO ₂ í	40,4	42,8

Umfang 2 - Samsetning losunar

	Einingar	2020	2021
Heildarlosun	tCO ₂ í	21,5	25
Rafmagn	tCO ₂ í	4,9	4,9
Hitaveita	tCO ₂ í	16,6	20,1
Aðrar mótvægisaðgerðir	tCO ₂ í	0	0

Losunarbókhald

Umfang 3 - Losun á fyrri stigum

	Einingar	2020	2021
Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi			
Heildarlosun	tCO ₂ í	18	19,9
Losun á fyrri stigum vegna eldsneytisnotkunar	tCO ₂ í	10,5	10,9
Losun á fyrri stigum vegna rafmagnsnotkunar	tCO ₂ í	0,2	0,2
Flutnings- og dreifitap raforku og hitaveitu	tCO ₂ í	7,3	8,9
Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri			
Heildarlosun	tCO ₂ í	2,2	1,9
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi	tCO ₂ í	2,2	1,9
Flokkur 6: Viðskiptaferðir			
Heildarlosun	tCO ₂ í	4,6	11,5
Flugferðir	tCO ₂ í	4,6	11,5
Flokkur 7: Samgöngur starfsmanna			
Heildarlosun	tCO ₂ í	61,5	73,2

Umhverfispættir

Orkunotkun	Einingar	2020	2021
Heildarorkunotkun	kWst	2.511.477	2.916.288
Jarðefnaeldsneyti	kWst	166.148	174.438
Rafmagn	kWst	466.030	467.358
Hitaveita	kWst	1.879.299	2.274.493
Bein orkunotkun	kWst	166.148	174.438
Óbein orkunotkun	kWst	2.345.329	2.741.850
<i>Nasdaq: E3 UNGC: P7, P8 GRI: 302-1, 302-2 SDG: 12 SASB: General Issue / Energy Management</i>			
Orkusamsetning	Einingar	2020	2021
Heildarorkunotkun	kWst	2.511.477	2.916.288
Jarðefnaeldsneyti	%	6,6%	6%
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	93,4%	94%
Kjarnorka	%	0%	0%
<i>Nasdaq: E5 GRI: 302-1 SDG: 7 SASB: General Issue / Energy Management</i>			

Umhverfisþættir

Meðhöndlun úrgangs	Einingar	2020	2021
Heildarmagn úrgangs	kg	9.628	12.999
Flokkaður úrgangur	kg	5.656	8.831
Óflokkaður úrgangur	kg	3.972	4.168
Endurunnin úrgangur	kg	5.656	7.070
Úrgangi fargað	kg	3.972	4.268
Flokkunarhlutfall úrgangs	%	58,7%	67,9%
Endurvinnsluhlutfall úrgangs	%	58,7%	54,4%
Viðskiptaferðir	Einingar	2020	2021
Heildarvegalengd	km	49.654	131.125
Flugferðir	km	49.654	131.125

Umhverfispættir

Samgöngur starfsmanna	Einingar	2020	2021
Heildarvegalengd	km	453.560	693.698
Almenningssamgöngur	km	34.031	119.473
Einkabíll	km	396.054	484.632
Fótgangandi / Hjólandi	km	23.475	89.593
Meðhöndlun pappírs	Einingar	2020	2021
Heildarþyngd prentaðs pappírs	kg	3.273	2.904
Heildarmagn prentaðs pappírs	blaðsíður	571.299	505.547
Þar af litaprent	blaðsíður	84.692	76.476
Þar af svarthvít prentun	blaðsíður	486.607	429.071

Environmental management

Umhverfisstarfsemi

Einingar

2020

2021

Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?

já/nei

Já

Já

Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?

já/nei

Já

Já

Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi?

já/nei

Nei

Nei

Nasdaq: E7|GRI: 103-2|SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management

Lofslagseftirlit

Einingar

2020

2021

Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?

já/nei

Já

Já

Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?

já/nei

Já

Já

Nasdaq: E8, E9|GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31|SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management|TCFD: Governance (Disclosure A/B)

Mildun loftlagsáhættu

Einingar

2020

2021

Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun

m. ISK

0,52

1,14

Nasdaq: E10|UNGC: P9|SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience|TCFD: Strategy (Disclosure A)

Félagslegir þættir

Launahlutfall forstjóra

	Einingar	2020	2021
Laun og bónusgreiðslur forstjóra (X) sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi	X:1	5,6	5,48
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?	já/nei	Já	Já
S1 UNGC: P6 GRI 102-38			

Launamunur kynja

	Einingar	2020	2021
Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna	X:1	1,19	1,18
Niðurstaða jafnlaunavottunar	%	0,91%	1,5%
S2 UNGC: P6 GRI: 405-2 SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion			

Starfsmannavelta

	Einingar	2020	2021
Starfsmenn í fullu starfi			
Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi	%	6,3%	8,1%
Frávísun	%	-	1,5%
Starfslok	%	-	2,6%
Starfsskipti	%	-	4%
Fráfall	%	-	-

Félagslegir þættir

	Einingar	2020	2021
Starfsmenn í hlutastarfi			
Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi	%	2%	25%
Frávísun	%	-	-
Starfslok	%	-	-
Starfsskipti	%	-	25%
Fráfall	%	-	-
Verktakar og/eða ráðgjafar			
Árleg breyting verktaka og/eða ráðgjafa	%	-	0%
Frávísun	%	-	-
Starfslok	%	-	-
Starfsskipti	%	-	-
Fráfall	%	-	-

Félagslegir þættir

	Einingar	2020	2021
Kyn			
Karlar	%	50%	52%
Konur	%	50%	48%
Aldur			
<20	%	-	0%
20-29	%	20%	9,2%
30-39	%	20%	27,5%
40-49	%	20%	26,5%
50-59	%	10%	24%
60-69	%	30%	12,8%
70+	%	-	-

S3|UNGC: P6|GRI: 401-1b|SDG: 12|SASB: General Issue / Labor Practices

Félagslegir þættir

Kynjafjölbreytni	Einingar	2020	2021
Starfsmannafjöldi			
Hlutfall kvenna í fyrirtækinu	%	48%	48%
Konur	fjöldi	93	95
Karlar	fjöldi	100	103
Byrjenda- og millistjórnendastöður			
Hlutfall kvenna í byrjendastarfi og næsta starfsþrepi fyrir ofan	%	48%	48%
Konur	fjöldi	83	85
Karlar	fjöldi	89	92
Yfirmenn og stjórnendur			
Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda	%	48%	48%
Konur	fjöldi	10	10
Karlar	fjöldi	11	11
S4 UNGC: P6 GRI: 102-8, 405-1 SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion			

Félagslegir þættir

Hlutfall tímabundinna starfskrafta	Einingar	2020	2021
Starfsmannafjöldi			
Stöðugildi	fjöldi	4	10,3
Prósenta starfsmanna í hlutastarfi	%	2%	3,1%
Prósenta verktaka og/eða ráðgjafa	%	2%	2%
S5 GRI: 102-8 UNGC: P6			
Aðgerðir gegn mismunun			
Einingar			
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreitni og/eða jafnrétti?	já/nei	Já	Já
S6 UNGC: P6 GRI: 103-2 (see also: GRI 406: Non-Discrimination 2016) SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion			
Vinnuslysatiðni			
Einingar			
Heildarfjöldi áverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna	%	0%	0%
S7 GRI: 403-9 SDG: 3 SASB: General Issue / Employee Health & Safety			

Félagslegir þættir

Hnattræn heilsa og öryggi

	Einingar	2020	2021
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu?	já/nei	Já	Já
Heildarfjarvera frá vinnu sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	-	0,03
Fjarvera frá vinnu vegna langvarandi veikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	-	0,015
Fjarvera vegna skammtímaveikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	-	0,015
S8 GRI: 103-2 (See also: GRI 403: Occupational Health & Safety 2018) SDG: 3 SASB: General Issue / Employee Health & Safety			

Barna- og nauðungarvinna

	Einingar	2020	2021
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaþrælkun?	já/nei	Nei	Nei
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu?	já/nei	Nei	Nei
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	já/nei	-	-
S9 GRI: 103-2 (See also: GRI 408: Child Labor 2016, GRI 409: Forced or Compulsory Labor, and GRI 414: Supplier Social Assessment 2016) UNGC: P4, P5 SDG: 8 SASB: General Issue / Labor Practices			

Mannréttindi

	Einingar	2020	2021
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu?	já/nei	Já	Já
Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og framleiðenda?	já/nei	Nei	Nei
S10 GRI: 103-2 (See also: GRI 412: Human Rights Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016) UNGC: P1, P2 SDG: 4, 10, 16 SASB: General Issue / Human Rights & Community Relations			

Stjórnarhættir

Kynjahlutfall í stjórn

	Einingar	2020	2021
Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima (samanborið við karla)	%	40%	40%
Hlutfall kvenkyns nefndarformanna (samanborið við karla)	%	100%	100%
<i>G1 GRI 405-1 SDG: 10 SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion (See also: SASB Industry Standards)</i>			

Óhæði stjórnar

	Einingar	2020	2021
Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?	já/nei	Já	Já
Hlutfall óháðra stjórnarmanna	%	80%	80%
<i>G2 GRI: 102-23, 102-22</i>			

Kaupaukar

	Einingar	2020	2021
Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	já/nei	Nei	Nei
<i>G3 GRI: 102-35</i>			

Kjarasamningar

	Einingar	2020	2021
Hlutfall starfsmanna sem falla undir almenna kjarasamninga	%	86%	90%
<i>G4 UNGC: P3 SDG: 8 GRI: 102-41 SASB: General Issue / Labor Practices (See also: SASB Industry Standards)</i>			

Stjórnarhættir

Siðareglur birgja

	Einingar	2020	2021
Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum?	já/nei	Nei	Nei
Ef svarið er já, hversu hátt hlutfall birgja hefur formlega staðfest að þeir fylgi siðareglunum?	%	-	-
<i>G5 UNGC: P2, P3, P4, P8 GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 308: Supplier Environmental Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016) SDG: 12 SASB General Issue / Supply Chain Management (See also: SASB Industry Standards)</i>			

Siðferði og aðgerðir gegn spillingu

	Einingar	2020	2021
Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða stefnu gegn spillingu og mútum?	já/nei	Já	Já
Ef já, hvaða hlutfall starfsmanna hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni?	%	-	-
<i>G6 UNGC: P10 SDG: 16 GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 205: Anti-Corruption 2016)</i>			

Persónuvernd

	Einingar	2020	2021
Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu?	já/nei	Já	Já
Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	já/nei	Já	Já
<i>G7 GRI: 418 Customer Privacy 2016 SASB: General Issue / Customer Privacy, Data Security (See also: SASB Industry Standards)</i>			

Stjórnarhættir

Sjálfbæriskýrsla

Einingar

2020

2021

Birtir fyrirtækið sjálfbæriskýrslu?

já/nei

Já

Já

Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni?

já/nei

Já

Já

G8|UNGC: P8

Starfsvenjur við upplýsingagjöf

Einingar

2020

2021

Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?

já/nei

Já

Já

Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?

já/nei

Já

Já

Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP?

já/nei

Nei

Já

G9|UNGC: P8

Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila

Einingar

2020

2021

Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila?

já/nei

Nei

Já

G10|UNGC: P8|GRI: 102-56



SJÓVÁ